

I. EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin

94/EES/46/01 Viðbót við teikningar eins og um getur í tilskipun ráðsins 71/316/EBE frá 26. júlí 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sameiginleg ákvæði um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit..... 01

3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

94/EES/46/02 Auglýsing framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um að uppfæra orðsendinguna frá 1986 um samninga sem hafa lítið vægi og 1. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans hefur ekki áhrif á.....02

94/EES/46/03 Auglýsing um samráð..... 02

94/EES/46/04 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. nóvember 1994 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/452/EBE um gerð skráa yfir starfshópa sem annast töku fósturvísa og viðurkenndir eru í þriðju löndum vegna útflutnings nautgripafósturvísa til bandalagsins.....02

94/EES/46/05 Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.491 - General RE/Kölnische RE)..... 03


| | | |
|-----------------------|--|----|
| 94/EES/46/06 | Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.508 - BHF/CCF (II))..... | 03 |
| 94/EES/46/07 | Markaður fyrir eldsneyti í föstu formi í bandalaginu árið 1993 og horfur fyrir árið 1994 (endurskoðun)..... | 03 |
| 94/EES/46/08 | Drög að reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) frá 19. október 1994 um breytingu á reglugerð nr. 2349/84/EBE um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum nytjaleyfissamninga vegna einkaleyfa..... | 03 |
| 94/EES/46/09 | Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir..... | 04 |
| 94/EES/46/10 | Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um að breyta í annað sinn ákvörðun 94/514/EB frá 8. ágúst 1994 um tilteknar verndarráðstafanir hvað varðar gin- og klaufaveiki í Grikklandi..... | 06 |
| 94/EES/46/11 | Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.529 - GEC/VSEL)..... | 06 |
| 3. Dómstóllinn | | |
| 94/EES/46/12 | Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna..... | 07 |
| 94/EES/46/13 | Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi..... | 09 |

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

**Viðbót við teikningar eins og um getur í tilskipun ráðsins 94/EES/46/01
71/316/EBE frá 26. júlí 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna
varðandi sameiginleg ákvæði um mælitæki og aðferðir við
mælifræðilegt eftirlit**

Sameiginlega EES-nefndin samþykkti 28. september 1994 eftirfarandi teikningar sem um getur í lið 3.2.1 í II. viðauka við tilskipun ráðsins 71/316/EBE fyrir merkin A (Austurríki), FI (Finnland), IS (Ísland), N (Noregur) og S (Svíþjóð) eins og mælt er fyrir um í aðlögunarlið b) við 1. lið í IX. kafla II. viðauka við EES-samninginn (tilskipun ráðsins 71/316/EBE).



EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Auglýsing framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna 94/EES/46/02
um að uppfæra orðsendinguna frá 1986 um samninga sem hafa lítið
vægi og 1. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans hefur ekki áhrif á

Framkvæmdastjórnin hefur í hyggju að uppfæra orðsendingu sína frá 1986 um samninga sem hafa lítið vægi⁽¹⁾. Hún leggur til að hækka veltuhámark sem fyrirtæki geta hagnýtt sér í tengslum við beitingu þessarar orðsendingar úr 200 milljónum ECU í 300 milljónir ECU.

Áður en framkvæmdastjórnin breytir texta orðsendingarinnar gefur framkvæmdastjórnin öllum hagsmunaaðilum kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri, fyrir 25. nóvember 1994, við:

Commission of the European Communities
Directorate General of Competition
Unit IV/A/2 -C150 4/63
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels

Auglýsing um samráð 94/EES/46/03

Framkvæmdastjórnin hefur farið fram á að skýrsla verði samin um pentaklórófenól (PCP) sem gerir henni kleift að meta, fyrir árslok 1994, hvort banna beri þetta hættulega efni með öllu, svo og efnablöndur og vörur sem innihalda það, í bandalaginu.

Við gerð skýrslunnar munu þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar hafa samráð við sérfræðinga aðildarríkjanna og iðnaðarins, svo og fulltrúa samtaka um neytendavernd. Á grundvelli fenginna upplýsinga munu þeir rannsaka hvort unnt sé að nota önnur efni í stað PCP í þeim takmörkuðu tilvikum þar sem notkun þess er enn heimil og þar sem viðurvist þess í vörum er enn umborin. (Sjá gildandi reglur í tilskipun ráðsins 91/173/EBE, Stjtið. EB nr. L 85, 5. 4. 1991, bls. 34).

Þeir aðilar hjá framkvæmdastjórninni sem hafa ber samband við vegna þessa verkefnis eru Virginia Melgar (sími +32 2 295 83 23) og Paul Glynn (sími +32 2 295 01 83)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. nóvember 1994 um 94/EES/46/04
breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/452/EBE um gerð
skráa yfir starfshópa sem annast töku fósturvísa og viðurkenndir eru í
þriðju löndum vegna útflutnings nautgripafósturvísa til bandalagsins

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðunina frá 9. nóvember 1994 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/452/EBE⁽²⁾ um gerð skráa yfir starfshópa sem annast töku fósturvísa og viðurkenndir eru í þriðju löndum vegna útflutnings nautgripafósturvísa til bandalagsins í Stjtið. EB nr. L 292, 12.11.1994. Tveimur nýjum starfshópum sem annast töku fósturvísa er bætt við fyrri skrá (sjá nánari útlitun í framannefndum Stjtið. EB).

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 231 frá 12. 09. 1986, bls. 2.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 250, 29. 8. 1992, bls. 40.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.491 - General RE/Kölnische RE)**

94/EES/46/05

Framkvæmdastjórnin ákvað 24. 10. 1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.508 - BHF/CCF (II))**

94/EES/46/06

Framkvæmdastjórnin ákvað 28. 10. 1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Markaður fyrir eldsneyti í föstu formi í bandalaginu árið
1993 og horfur fyrir árið 1994 (endurskoðun)**

94/EES/46/07

Framkvæmdastjórnin birti í Stjtið. EB nr. C 320, 17. 11. 1994, útdrátt úr skýrslunni „Markaður fyrir eldsneyti í föstu formi í bandalaginu árið 1993 og horfur fyrir árið 1994 (endurskoðun)“. Í skýrslunni er í stuttu máli gerð grein fyrir stöðu markaðarins fyrir eldsneyti í föstu formi innan bandalagsins árið 1993 og áætlunum aðildarríkjanna fyrir árið 1994 á grundvelli upplýsinga sem borist hafa framkvæmdastjórninni í júní 1994. Hægt er að fá eintak af skýrslunni í fullri lengd samkvæmt skriflegri beiðni til: Commission of the European Communities, Directorate-General for Energy (DG XVII-B), Rue de la Loi 200, B-1049 Brussels.

**Drög að reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB)
frá 19. október 1994 um breytingu á reglugerð nr. 2349/84/EBE um
beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum
nytjaleyfissamninga vegna einkaleyfa**

94/EES/46/08

Framkvæmdastjórnin birti drög að reglugerð (EB) frá 19. október 1994 um breytingu á reglugerð nr. 2349/84/EBE um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum nytjaleyfissamninga vegna einkaleyfa⁽²⁾, í Stjtið. EB nr. C 313, 10. 11. 1994. Gildistími reglugerðar nr. 2349/84/EBE er framlengdur um sex mánuði til 30. 6. 1995.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 219, 16. 8. 1994, bls. 15. Stjtið. EB nr. L 280, 22. 10. 1994, bls. 32 (leiðrétting).

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

94/EES/46/09

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stjttíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stjttíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

| Tilvísun ⁽¹⁾ | Titill | Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾ |
|-------------------------|---|---|
| 94-0230-F | Drög að úrskurði um breytingu á úrskurði nr. 70-392 frá 8. maí 1970 um framkvæmd laga frá 1. ágúst 1905 um að koma í veg fyrir svik í viðskiptum með vörur sem hafa orðið fyrir geislun og líklegt er að verði notaðar sem matvæli eða drykkjarvörur fyrir menn eða dýr | 17.11.1994 |
| 94-0231-D | Reglugerð um leyfisveitingu BAPT 222 ZV 103 fyrir sérstakan radióbúnað með lágan styrk og talrofa (ungbarnavakkerfi) | 21.11.1994 |
| 94-0232-D | A. Tæknilegar reglur um þakglerjun (linear coated overhead glazing) (drög) B. Fyrirmæli um kynningu á sýnishorni, útgáfa frá júlí 1994 | 21.11.1994 |
| 94-0233-B | Tæknileg gerðarsamþykkisforskrift fyrir einkasímstöðvar ætlaðar til tengingar við almenna símstöðvakerfið eða almenna Evrópusamnetið í Belgíu (BE-SP-001, útgáfa frá 1994) | 25.11.1994 |
| 94-0234-B | Tæknileg gerðarsamþykkisforskrift fyrir talbandsmótöld ætluð til tengingar við hliðrænar aðgangsstöðvar í almenna fjarskiptanetinu (símstöðvakerfi og hliðrænar leigulínur) (BE-SP-100, útgáfa frá 20. maí 1994) | 25.11.1994 |
| 94-0235-B | Almenn tækniforskrift um notendabúnað sem tengja á við hliðrænt notendalínutengikort í almenna belgíska símstöðvakerfinu (BE-SP-201, útgáfa frá 26. júní 1994) | 25.11.1994 |
| 94-0236-B | Tæknileg gerðarsamþykkisforskrift fyrir notendabúnað sem tengja á við hliðrænar leigulínur í almenna belgíska fjarskiptakerfinu (BE-SP-202, útgáfa frá 26. maí 1994) | 25.11.1994 |
| 94-0237-B | Tækniforskrift fyrir samþykki hringflutningsbúnaðar sem tengja á við almenna belgíska símstöðvakerfið (BE-SP-205, útgáfa frá 10. mars 1994) | 25.11.1994 |
| 94-0238-B | Tækniforskrift fyrir samþykki snúrlausra síma sem tengja á við almenna belgíska símstöðvakerfið (hluti tengdur við almenna símstöðvakerfið (PSTN)) (BE-SP-207, útgáfa frá 30. mars 1994) | 25.11.1994 |
| 94-0239-B | Tækniforskrift fyrir samþykki símtækja sem tengja á við almenna belgíska símstöðvakerfið (BE-SP-208, útgáfa frá 5. maí 1994) | 25.11.1994 |
| 94-0240-B | Tækniforskrift fyrir einfalda fjöggra pinna tengla og millistykki til að nota með notendabúnaði sem tengja á við hliðrænar aðgangsstöðvar í almenna símstöðvakerfinu (BE-SP-212, útgáfa frá 20. mars 1994) | 25.11.1994 |
| 94-0241-B | Tækniforskrift fyrir klær til notkunar í notendabúnaði sem tengja á við hliðrænar leigulínur í belgíska fjarskiptakerfinu (BE-SP-222, útgáfa frá 20. mars 1994) | 25.11.1994 |

⁽¹⁾ Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

⁽²⁾ Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

| Tilvísun ⁽¹⁾ | Titill | Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾ |
|-------------------------------|---|---|
| 94-0242-F | Úrskurður varðandi tæknilegar reglugerðir og vottunarreglur sem gilda um rafmagnsgirðingar | 21.11.1994 |
| 94-0243-F | Drög að fyrirmælum um breytingu á fyrirmælum frá 22. október 1980 um skráningu og flokkun reglugerða varðandi samræmi gastækja og búnaðar, „þegar hann er í bústöðum eða útihúsum sem þeim fylgja“, við viðeigandi franska staðla | 21.11.1994 |
| 94-0244-F | Drög að fyrirmælum varðandi gas fyrir tæki sem eru sett upp í íbúðarhúsum og útihúsum sem þeim fylgja | 21.11.1994 |
| 94-0245-F | Drög að fyrirmælum um breytingu á fyrirmælum frá 2. ágúst 1977 um tæknilegar reglugerðir og öryggisreglugerðir sem gilda um búnað fyrir gaseldsneyti og fljótandi vetniskolefni í bústöðum eða útihúsum sem þeim fylgja | 21.11.1994 |
| 94-0246-UK | Byggingareglugerðin frá 1991 - Drög að samþykktu skjali F (eldsneytis- og orkusparnaður) fyrir 1995 útgáfuna | 25.11.1994 |
| 94-0247-UK | Byggingareglugerðin frá 1991 - Drög að samþykktu skjali F (loftæsting) fyrir 1995 útgáfuna | 25.11.1994 |
| 94-0248-UK | Heiti í kafla 22(6) á staðli sem tilgreinir tækniröfur fyrir notendabúnað sem tengja á við almenna fjarskiptakerfið með því að nota CCITT-tilmæli G.703 tengibúnað á hraðanum 2048 kbitar/s og með 75 ohm ójafnvægt samviðnám | 25.11.1994 |
| 94-0249-NL | Drög að breytingum til að veita undanþágu fyrir vítamínblöndur frá gerðinni um matvæli og lyf | 24.11.1994 |
| 94-0250-B | Umburðarbréf 01.058.03 um gluggarúður í vélknúnum ökutækjum og einkum um gagnsæi rúða | 28.11.1994 |
| 94-0251-UK | Reglugerðir um kaupskipasiglingar (björgunarbúnaður) (breyting) (1994) | 28.11.1994 |
| 94-0252-D | Tæknilegir afgreiðsluskilmálar varðandi ösku frá sorpbrennslu til notkunar í vegagerð - TL MVA - STB 94 | 28.11.1994 |
| 94-0253-NL | WVO drög að fyrirmælum um losun húsaskólps | 28.11.1994 |
| 94-0254-D | Frekari tæknileg samningsskilyrði og viðmiðunarreglur fyrir fúgur á yfirborði vega (ZTV-FUG-STB). Hluti varðandi þenslufúgur á steinsteyptu yfirborði vega | 28.11.1994 |
| 94-0255-F | Drög að fyrirmælum um breytingu á fyrirmælum frá 21. nóvember 1975 um staðla fyrir hjálma fyrir ökumenn og farþega ökutækja | 28.11.1994 |
| 94-0256-F | Undanþága frá fyrirmælum frá 24. október 1984 eins og þeim var breytt með fyrirmælum frá 23. desember 1986 um framkvæmd staðla | 28.11.1994 |
| 94-0257-I | Samþykkt reiknaðferðar vísitölu fyrir kerfisbundna nýtingu frávíka og gæðavísitölu fyrir heildarframleiðslu hvers áburðarframleiðanda fyrir sig | 7.12.1994 |
| 94-0258-NL | Drög að gerð um matvæli og lyf varðandi gosdrykki og drög að reglugerð um matvæli og lyf varðandi notkun matvælaaukefna í gosdrykkjum og ávaxtadrykkjum | 2.12.1994 |
| 94-0259-D | Opinber titill: Tæknilegar reglur fyrir lyftur „Raflagnakerfi fyrir neyðarhringingar“ - TRA 106 - | 6.12.1994 |
| ⁽³⁾ ⁽⁴⁾ | | |

⁽¹⁾ Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

⁽²⁾ Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

⁽³⁾ Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

⁽⁴⁾ Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtið. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls.8.

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um að breyta í annað sinn 94/EES/46/10
ákvörðun 94/514/EB frá 8. ágúst 1994 um tilteknar verndarráðstafanir
hvað varðar gin- og klaufaveiki í Grikklandi**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun um að breyta í annað sinn ákvörðun 94/514/EB frá 8. ágúst 1994⁽¹⁾ um tilteknar verndarráðstafanir hvað varðar gin- og klaufaveiki í Grikklandi í Stjtið. EB nr. L 292, 12. 11. 1994. Framkvæmdastjórnin hefur með ákvörðuninni breytt gildandi verndarráðstöfunum.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram 94/EES/46/11
(Mál nr. IV/M.529 - GEC/VSEL)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. 11. 1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽²⁾ þar sem General Electric Company, plc. (GEC) öðlast yfirráð yfir VSEL, plc. Tilkynningin varðar einungis þá starfsemi VSEL sem ekki tengist hernaði. Breska konungsríkið, sem styðst við b-lið 1. mgr. 223. gr. EBE-sáttmálans, hefur gefið GEC fyrirmæli um að tilkynna ekki um yfirtöku á hernaðarstarfsemi VSEL.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja sem ekki er hernaðarlegs eðlis:
 - GEC: rafeindakerfi, orkukerfi, fjarskipta- og upplýsingatækni, matvæli, rafeindamælitækni, skrifstofutækni og prentun, lækningatækni, rafeindaíhlutar og iðnaðartækni.
 - VSEL: hönnun, framleiðsla og þjónusta varðandi búnað í olú- og gasiðnaðinum, almenn málmframleiðsla.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 320, 17. 11. 1994. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.529 -GEC/VSEL, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 206, 9. 8. 1994, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

DÓMSTÓLLINN

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna⁽¹⁾

94/EES/46/12

Eiðtaka nýrra dómara við dómstólinn.

Kosning forseta dómstólsins.

Ákvarðanir sem dómstóllinn samþykkti á fundi sínum hinn 10. október 1994 (skipun forseta deilda - skipun í deildir - skipun fyrsta aðallögmanns).

Dómur dómstólsins frá 14. september 1994 í sameinuðum málum C-278/92, C-279/92 og C-280/92: Konungsríkið Spánn gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (ríkisaðstoð við opinber fyrirtæki sem annast framleiðslu á textílvörum og fótabúnaði - fjárframlög).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 15. september 1994 í máli C-293/93 (beiðni um forúrskurð frá Arrondissementsrechtbank, Zutphen (Hollandi)): sakamál á hendur Ludomira Neeltje Barbara Houtwipper (frjálsir vöruflutningar - verðmætir málmar - lögboðinn gæðastimpill).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 15. september 1994 í máli C-318/93 (beiðni um forúrskurð frá Bundesgerichtshof): Wolfgang Brenner, Peter Noller og Dean Witter Reynolds Inc. (Brusselsamningurinn - 13. og 14. gr. - dómsvald yfir neytendasamningum - samningur við aðila sem ekki á lögheimili í samningsríki).

Dómur dómstólsins (þriðja deild) frá 15. september 1994 í máli C-452/93 P: Pedro Magdalena Fernádes gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (áfrýjun - embættismenn - batur vegna búsetu erlendis - embættismaður hefur ekki fasta búsetu í aðildarríki þar sem hann er ráðinn til starfa).

Dómur dómstólsins frá 20. september 1994 í máli C-249/92: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu (vanefnd aðildarríkis á skuldbindingum sínum - krafa um innflutningsleyfi fyrir plöntur sem eru upprunnar í öðru aðildarríki).

Dómur dómstólsins frá 20. september 1994 í máli C-12/93 (beiðni um forúrskurð frá Centrale Raad van Beroep): Bestuur van de Nieuwe Algemene Bedrijfsvereniging gegn V. A. Drake (almannatryggingar - gildi 4. liðar I. þáttar (nú J) í VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1408/71).

Dómur dómstólsins (önnur deild) frá 22. september 1994 í máli C-301/93 (beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Travail, Mons): Lio Bettacini gegn Fonds National de Retraite des Ouvriers Mineurs (FNROM)(almannatryggingar fyrir farandlaunþega - hækkun örorkubóta - beiting innanlandsreglna sem banna að batur skarist).

Dómur dómstólsins frá 28. september 1994 í máli C-200/91 (beiðni um forúrskurð frá Chancery Division of the High Court of Justice of England and Wales): Coloroll Pension Trustees Limited gegn 1. James Richard Russell, 2. Daniel Mangham, 3. Gerald Robert Parker, 4. Robert Sharp, 5. Joan Fuller, 6. Judith Ann Broughton og 7. Coloroll Group Plc (jöfn laun fyrir karla og konur - atvinnubætur - notkun ólíkra þátta við útreikning á tryggingum eftir því hvort kynið á í hlut - tímatakmörkun á gildi dómsins í máli C-262/88 Barber).

⁽¹⁾ Sjá Stjttíð. EB nr. C 304, 29. 10. 1994.

Dómur dómstólsins frá 28. september 1994 í máli C-408/92 (beiðni um forúrskurð frá Bedford Industrial Tribunal (Breska konungsríkinu)): Constance Christina Ellen Smith gegn Avdel Systems Limited (jöfn laun fyrir karla og konur - atvinnubætur - mismunandi eftirlaunaaldur eftir því hvort kynið á í hlut - jafnræði).

Dómur dómstólsins frá 28. september 1994 í máli C-28/93 (beiðni um forúrskurð frá Kantongerecht, Haag (Hollandi)): Maria Nelleke Gerda van den Akker o.fl. gegn Stichting Shell Pensioenfonds (jöfn laun fyrir karla og konur - atvinnubætur - mismunandi eftirlaunaaldur eftir því hvort kynið á í hlut - jafnræði).

Dómur dómstólsins frá 28. september 1994 í máli C-57/93 (beiðni um forúrskurð frá Kantongerecht Utrecht (Hollandi)): Anna Adriaantje Vroege gegn 1. NCIV Instituut voor Volkshuisvesting BV og 2. Stichting Pensioenfonds NCIV (jöfn laun fyrir karla og konur - réttur til að taka þátt í lífeyrissjóði starfsmanna - tímatakmörkun á gildi dómsins í máli C-262/88 Barber).

Dómur dómstólsins frá 28. september 1994 í máli C-128/93 (beiðni um forúrskurð frá Kantongerecht Utrecht (Hollandi)): Geertruida Catharina Fisser gegn 1. Voorhuis Hengelo BV og 2. Stichting Bedrijfspensioenfonds voor de Detailhandel (jöfn laun fyrir karla og konur - réttur til að taka þátt í lífeyrissjóði starfsmanna - tímatakmörkun á gildi dómsins í máli C-262/88 Barber).

Dómur dómstólsins (fyrsta deild) frá 28. september 1994 í máli C-144/93 (beiðni um forúrskurð frá Bundesverwaltungsgericht: Pfanni Werke Otto Eckart KG gegn Landeshauptstadt München (matvæli - skylda til að setja aukefni í skrána yfir innihaldsefni (merkingar) - tilskipun 79/112/EBE - undanþága frá þessari skyldu).

Mál C-227/94: Beiðni um forúrskurð frá Arrondissementsrechtbank, Amsterdam samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 1. ágúst 1994 í máli E. Olivieri-Coenen, frá Imperíu (Ítalíu) gegn Bestuur van de Nieuwe Algemene Bedrijfsvereniging.

Mál C-238/94: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal des Affaires de Sécurité Sociale du Tarn et Garonne samkvæmt dómi þess dómstóls frá 7. júní 1994 í máli José Garcia o.fl. gegn La Mutuelle de Prévoyance Sociale Aquitaine o.fl.

Mál C-241/94: Mál höfðað þann 2. september 1994 af Lýðveldinu Frakklandi gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-243/94: Beiðni um forúrskurð frá Sozialgericht Stuttgart samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 29. ágúst 1994 í máli Alejandro Rincon Moreno gegn Bundesanstalt für Arbeit.

Mál C-244/94: Beiðni um forúrskurð frá Conseil d'Etat de la République Française samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 24. júní 1994 í máli Fédération française des sociétés d'assurance gegn Caisse nationale d'assurance vieillesse mutuelle agricole.

Mál C-245/94: Beiðni um forúrskurð frá Landessozialgericht Nordrhein-Westfalen frá 17. júní 1994 í máli Ingrid Hoever gegn Land Nordrhein-Westfalen.

Mál C-250/94: Beiðni um forúrskurð frá Juzgado Central de lo Penal de la Audiencia Nacional samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 1. júlí 1994 í máli Ministerio Fiscal gegn Figen Kapanoglu.

Mál C-252/94: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Grande Instance de Quimper samkvæmt dómi þess dómstóls frá 9. ágúst 1994 í máli Société Française Maritime SA gegn Direction des services fiscaux du département du Finistère.

Mál C-256/94: Mál höfðað þann 16. september 1994 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Spáni.

Mál C-257/94: Mál höfðað þann 16. september 1994 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-263/94: Mál höfðað þann 22. september 1994 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Hollandi.

Mál C-265/94: Mál höfðað þann 23. september 1994 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Spáni.

Mál C-266/94: Mál höfðað þann 23. september 1994 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Spáni.

Mál C-331/93 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-78/94 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-102/94 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Stórhertogadæminu Lúxemborg.

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi⁽¹⁾ 94/EES/46/13

Ákvörðun um viðmið við að útteila málum milli deilda.

Fyrirmæli forseta dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 15. júlí 1994 í máli T-239/94 R, Association des aciéries européennes indépendantes (EISA) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-261/94: Mál höfðað þann 8. júlí 1994 af Bernhard Schulte gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-277/94: Mál höfðað þann 12. ágúst 1994 af Associazione Italiana Tecnico Economica del Cemento (Aitec) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-278/94: Mál höfðað þann 16. ágúst 1994 af Otto Schmid gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-279/94: Mál höfðað þann 16. ágúst 1994 af Josef Reinartz gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-281/94: Mál höfðað þann 18. ágúst 1994 af Karl-Josef Leurs gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-282/94: Mál höfðað þann 26. ágúst 1994 af „Jurope“, M. Vissers og S. M. H. Van der Laak gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Sjá Stjútíð. EB nr. C 304, 29. 10. 1994.